

20. maí 1981.

435

Nr. 264.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 62/1977 um öikumæla.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öikumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælisnúmeri. Skal honum komið þannig fyrir að hann hindri ekki öikumann í notkun stjórnækja. Þegar öikumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, þ. e. ökuriti, skal honum komið fyrir í sjónmáli öikumanns. Því aðeins skal heimilt að nota ökurita til ákvörðunar þungaskatts að honum sé lokað með innsiglium á þann hátt sem greinir í 2. mgr. 26. gr.

2. gr.

Við 26. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er ökuriti notaður til ákvörðunar þungaskatts og skulu þá ákvæði þessa kafla eiga við um frágang á honum eftir því sem við á. Þá skal hann jafnframt innsiglaður þannig að mælishús verði ekki opnað nema að innsigli sé rofið. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökuriti skuli innsiglaður með þessum hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. 1. nr. 79/1974, sbr. 1. nr. 78/1977, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur eða umráðamenn þeirra bifreiða, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eru búnar ökuritum til ákvörðunar þungaskatts og hyggjast nota hann í því skyni framvegis, skulu fyrir 1. júlí 1981 færa bifreið til viðurkennds verkstæðis, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, sem innsiglar ökuritann á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari. Að öðrum kosti skulu þeir fyrir sama tíma útbúa bifreið sína viðurkenndum öikumæli.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1981.

Ragnar Arnalds.

Lárus Ögmundsson.